



Trú á eigin getu

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Naustaskóli

Heiti: Trú á eigin getu

Verkefnisstjóri: Bryndís Björnsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 77. 2017 -2018

Markmið verkefnis var að:

- Auka trú nemenda í á eigin getu
- Efla ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Gera símat að ríkjandi þætti í námsmati
- Að leitast við að hafa fjölbreyttar aðferðir við námsmat til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda.
- Breyta starfsháttum og framkvæmd kennslunnar þannig að leiðsagnarmat verður rauði þráðurinn í námsmatinu.
- Veita kennurum markvissan stuðning ráðgjafa til að þróast enn frekar í starfi til að vera vel í stakk búin til að takast á við breyttar áherslur í námsmati og kennsluháttum.
- Að auka hæfni kennara til að þróa námsmat og kennsluhætti í átt að kröfum 21. aldarinnar.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði voru að:

- nýta rafrænt form til að koma námsáætlunum, námsmarkmiðum, námsmati og öðrum upplýsingum til nemenda
- opna reikning á Google Classroom og fá netföng fyrir nemendur
- nemendur eru skráðir inn í kerfið, þeir fá sitt eigið netfang og lykilorð.
- nemendur bera ábyrgð á að muna lykilorðið sitt og fara inn í kerfið daglega til að nálgast upplýsingar.
- stofna „vegg“ í Goggle Classroom umhverfinu fyrir allar námsgreinar og setja þar inn allar upplýsingar un námið og námsfyrirkomulag.
- allar námsgreinar hafa sinn eigin vegg í Google Classroom, en þar koma fram upplýsingar um
- námslotur voru birtar í hverju fagi þar sem markmið og viðmið voru nemendum sýnileg.
- nemendur hafa aðgang að rafrænu námsefni á Google Classroom, lausnir á verkefnum, vendikennslu, tengingar við ítarefni, vefsíður og annað sem nauðsynlegt þykir að nemendur hafi aðgang að til stuðnings í námi sínu.
- nemendur skila verkefnum sínum inn á Google Classroom
- kennrarar geta leiðbeint nemendum í gegn um Classroom á meðan þeir eru að vinna verkefni.

Frávik

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir fræðslu í formi ráðgjafar og eftirfylgni á vettvangi. Þegar leið á haustið og verkefnið var komið vel af stað, kom hinsvegar í ljós að kennarateymið, sem tók þátt í verkefninu, óskaði eftir að hitta og læra af öðrum kennarateymum í sambærilegum skóla, sem voru að fást við svipuð verkefni. Fyrir valinu varð Norðlingaskóli í Reykjavík og fóru fimm kennara á unglingsastigi í vettvangsheimsókn til unglingadeildarkennara í Norðlingaskóla. Þessi skólaheimsókn heppnaðist mjög vel og gátu kennrarar nýtt sér hugmyndir frá heimsókninni til frekari úrvinnslu í verkefninu. Einnig gátu þeir rætt um þróun teymiskennslunnar og verkaskiptingu innan teymisins. En skýr hlutverk í teymiskennslu skipta máli þegar verið er að þroa ný vinnubrögð í kennslunni.

Áviningur og jákvæð atriði

Nemendur voru fljótir að læra að nýta sér þetta rafræna umhverfi til þess að sækja gögn, upplýsingar og verkefni og þau fengu aðgang að námsumhverfi þar sem þau gátu leitað sér upplýsinga sjálf. Samtal á milli foreldra, nemenda og kennara var virkara, þar sem foreldara áttu auðvelt með að fylgja námi barna sinna eftir.

Möguleiki skapaðist til að setja upp svæði fyrir einstaka nemendur, þar sem nemandi hefur aðgang að námskrá sem er sniðin að hans þörfum. Þetta gerir einstaklingsmiðað nám aðgengilegra fyrir nemendur og kennara.

Þetta verkefni býður upp á áframhaldandi þróun eins og að læra betur á viðbætur sem snúa að námsmati ásamt því að möguleiki er að færa þessi vinnubrögð úr unglingadeild á miðstig.

Mat

Verkefnið hefur haft þau áhrif á skólastarfið í heild, að þau vinnubrögð sem þróuð hafa verið með Google Classroom hafa verið tekin upp á miðstigi skólans og ætlunin er að þroa þau áfram þar á næsta skólaári. Þetta verkefni hefur vakaði áhuga annarra kennara skólans á nýjum leiðum til að auka sjálfstæði nemenda sinna í námi og að beita leiðsagnarmati við námsmat.

Niðurstöður

Þegar mat er lagt á verkefnið kemur í ljós hversu mikil áhrif það hefur haft á sjálfstæði nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Þar sem nemendur hafa nú góðan og aðgengilegan aðganga að þeim upplýsingum sem koma þeim að gagn við nám sitt, hefur áhugi þeirra og ábyrgð á eigin námi aukist til muna. Nemendur hafa fengið virka endurgjöf á frammistöðu sína, í gegnum Classroom frá kennurum sínum sem hefur haft hvetjandi áhrif.

Kennsluhættir hafa breyst í þá átt að nú er lögð meiri áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para – og hópavinnu og hlustun. Upplýsingatækni tengdist öllum námsgreinum

með mismiklum hætti þar sem verkefnavinnsla og verkefnaskil fóru að stórum hluta fram með rafrænum hætti í gegnum Google Classroom.

Strax í haust höfðu nemendur rafrænan aðgang að kennsluáætlunum inn á hverju fagi sem oftast voru birtar út frá lotum. Nemendur voru nokkuð duglegir að fylgjast með því sem sett var inn á *Classroom* því þeir þurftu að vinna eftir áætlunum að öllu leyti í flestum fögum (enska, danska, íslenska og stærðfræði) og að einhverju leyti í sumum (þema og nátt/sam). Í mars var svo prófað að taka saman vikuáætlanir fyrir 8. bekk sem við prentuðum út til að hjálpa þeim að ná utan um hvað lá fyrir að gera í hverri viku. Kennrarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði og merktu við árangur í *Mentor*. Lögð var áhersla á að nemendur myndu sjálfir bera ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggja tíma sinn vel. Að auki fylgdust kennrarar með áætlavaninnu nemenda og merktu við inn á *Mentor* og/eða sendu reglulega pósta heim til foreldra ef að nemendur kláruðu ekki áætlanir í skólanum. Þetta skipulag námsumhverfis og framsetning á námsáætlunum og markmiðum, leiddi til aukinnar virkni nemenda og þeir fóru að vinna sjálfstæðara og af meira öryggi án þess að reiða sig alfarið á hjálp og leiðsögn kennara sinna.

Í ljós kom að einhverjur nemendur náðu ekki að halda utanum nám sitt fyrst í stað á rafrænana hátt. Fengu þeir sér til stuðnings útprentaðar vikuáætlanir og aukna eftirfylgd.

Við námsmatið er símat og leiðsagnarmat notað í meira mæli en áður. Þær niðurstöðu hafa kennrarar einnig nýtt sér til að bæta og ígrunda eigin kennslu t.d. á teymisfundum. Verkefnið hefur því haft jákvæð áhrif bæði á nám nemenda og vinnubrögð og starfshætti kennara í unglingsadeild skólans.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að þróa kennsluhætti og námsmat kennara, sem myndu leiða af sér sjálfstæðari vinnubrögð nemenda. Verkefni hafði einnig þau áhrif að þeir kennrarar sem tóku þátt í því, fundu til löngunar til að sjá og læra af öðrum kennurum í skóla með sambærilega stefnu. Orðið var við óskum þeirra og þeim gert keift að fara í skólaheimsókn til Reykjavíkur í janúar sem hafði mikil áhrif hvað varðaði framgang verkefnisins og útfærslu. Einnig öðluðust kennararnir aukið sjálfstraust og trú á verkefnið, þegar þeir gátu speglað sig í reynslu annarra kennara og skoðað vinnubrögð á vettvangi og boríð saman við sín eigin.

Verkefni kallaði á gott skipulag og samvinnu kennarateymisins og hafði þessi vettvangsferð/námsferð góð áhrif á þróun teymiskennslunnar, sem skilaði sér í samræmdum vinnubrögðum, í kennsluháttum og námsmati. Kennarateymið náði að samræma krafta sína og viðhorf sem skapaði ný tækifæri til að mæta ólíkum þörfum nemenda í unglingsadeild og ýta undir sjálfstæði þeirra í eigin námi.

Stefnt er að því að þetta verkefni muni halda áfram að þróast í unglingsadeildinni og að næsta haust veri þessir starfshætti og kennsluhættir teknir upp á miðstigi skólans.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Á innanhúþingi í Naustaskóla vor 2018

Á Málstofudegi skólastjórnenda á Akureyri 12. júní 2018

Á Námsstefnu BKNE á Akureyri 17. ágúst 2018

Annað

Í unglingadeild Nauastaskóla er samkennsla 8. -10 bekkjar. Þáttakendur í verkefninu var kennarateymi unglingadeilda. Verkefnistjórnun og utanumhald var í höndum skólastjóra.

4. júní 2018

Þuyndis Þjórunsdóttir.

Undirskrift verkefnisstjóra

Þuyndis Þjórunsdóttir.

undirskrift skólastjóra